

### Ályktarorð:

Læknaráð láti í té umsögn um framangreinda álitsgerð.

Miðvikudaginn 6. október 1965.

**Nr. 3/1965.**

# Sveinn Guðmundsson

(Sveinbjörn Dagfinnsson hrl.)

gegn

## Haraldi Eyjólfssyni og gagnsök

(Páll S. Pálsson hrl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

Meiðyrðamál.

## Dómur Hæstaréttar.

Jón Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. janúar 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 21. desember 1964. Hér fyrir dómi gerir hann þessar kröfur:

Í aðalsök í héraði, að ómerk verði dæmd eftirgreind ummæli, sem stefnt var fyrir í héraði: 1. „Skyldi maður þó sízt ætla, að Sveinn kjörbúðarstjóri væri svo illa haldinn, að hann þyrfti að afla sér aukatekna með því að leggjast svo lágt að fara ránshendi um eigur húnvetnskra bænda, en illt að sjá, að þessi leikur sé til annars gerður.“ 2. „Sveinn Guðmundsson kjörbúðarstjóri, sem kallast mætti hrossabrestur ....“ 3. „.... lýsir sú kalda þögn betur en nokkuð annað þeirri römmu fyrirlitningu, sem sýslungar meradólganna hafa á atferli þeirra.“

**Í gagnsök í héraði:** Að honum verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda.

Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagn-

áfrýjanda í aðalsök og gagnsök bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur samkvæmt heimild í 3. málsg. 20. gr. laga nr. 57/1962 áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 7. janúar 1965. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda í aðalsök í héraði, en í gagnsök í héraði eru kröfur hans þessar hér fyrir dómi:

A. Að eftirgreind ummæli, sem gagnstefnt var fyrir í héraði, verði dæmd dauð og ómerk: 1. „... að gerast uppvís að svo freklegu ábyrgðarleysi, sem hér um ræðir, enda ber grein hans með sér, að þar hafi meiru ráðið reiði en „speki“.“

2. „Enda viðurkennir Haraldur brot sitt á búfjárræktarlögum.“

3. „Óskhyggja manns, sem finnur sig sekan og vill láta alla lúta duttlungum sínum“. 4. „... fái því áorkað með rætnum persónulegum áróðri eða samúðarvæli með húnvetnskum hrossakjötsframleiðendum.“

B. Að aðaláfrýjanda verði gert að greiða gagnáfrýjanda í miskabætur vegna ummælanna kr. 10.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags.

C. Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda kostnað af birtingu dóms í málinu í einu af dagblöðum Reykjavíkur.

Gagnáfrýjandi krefst enn fremur málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í aðalsök og gagnsök bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Ummæli þau, sem aðaláfrýjandi átelur og rakin eru í kröfugerð hans hér að framan, eru öll mjög vansæmandi fyrir hann. Með skírskotun til 1. málsg. 241. gr. laga nr. 19/1940 ber að ómerkja þau samkvæmt kröfu aðaláfrýjanda.

Í gagnsökinni átelur gagnáfrýjandi tiltekin ummæli í grein aðaláfrýjanda, sem birtist í dagblaðinu Tímanum hinn 14. september 1962. Ummæli þessi eru að visu nokkuð hvöss í garð gagnáfrýjanda, en þegar til þess er litið, að þau eru andsvar aðaláfrýjanda við mjög ósæmilegum móðgunar-

yrðum, sem gagnáfrýjandi hafði áður valið honum í grein í Tímanum hinn 1. september 1962, þá þykja ekki efni til að taka neinar kröfur gagnáfrýjanda í gagnsökinni til greina.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 8.000.00.

#### Dómsorð:

Ummæli gagnáfrýjanda, Haralds Eyjólfssonar, um aðaláfrýjanda, Svein Guðmundsson, sem greind eru í kröfugerð aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, eiga að vera dauð og ómerk.

Í gagnsökinni á aðaláfrýjandi að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur aukadóms Húnavatnssýslu 5. ágúst 1964.

Mál þetta, sem var þingfest 22. janúar 1963, en tekið til dóms 25. apríl þ. á., er höfðað af Sveini Guðmundssyni verzlunarmanni, Sauðárkróki, gegn Haraldi Eyjólfssyni, bónda í Gautsdal, Bólstaðarhlíðarhreppi, Húnavatnssýslu, vegna meiðandi ummæla, er stefnandi telur stefnda hafa viðhaft um hann í grein, er birtist í blaðinu „Tíminn“ 1. september 1962, en ummælin eru þessi: „Skyldi maður þó sízt halda, að Sveinn kjörbúðarstjóri væri svo illa haldinn, að hann þyrfti að afla sér aukatekna með því að leggjast svo lágt að fara ránshendi um eigur húnvetnskra bænda, en illt er að sjá, að þessi leikur sé til annars gerður“. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að hin tilfærðu ummæli verði dæmd dauð og ómerk, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda miskabætur og loks, að hann verði dæmdur til greiðslu birtingarkostnaðar samkvæmt 241. gr. almennra hegningarlaga og greiðslu alls málskostnaðar.

Stefndi, Haraldur Eyjólfsson, lýsti því yfir við þingfestingu málsins, að hann mundi gagnstefna aðalstefnanda fyrir meið-

andi ummæli um hann í dagblaðinu „Tíminn“ frá 14. september 1962, og fékk til þess óákveðinn frest. Lagði hann fram gagnstefnu í næsta þinghaldi málsins 13. september 1963, útgefna sama dag, þar sem hann gerir þær dómkröfur:

1. Að svohljóðandi ummæli stefnanda í grein hans í dagblaðinu „Tíminn“ þann 14. september 1962 verði samkvæmt 241. gr. laga nr. 19/1940 dæmd dauð og ómerk .... „að gerast uppvis að svo freklegu ábyrgðarleysi, sem hér um ræðir, enda ber grein hans með sér, að þar hafi meiru ráðið reiði en „speki“. .... Enda viðurkennir Haraldur brot sitt á búfjárræktarlögunum .... Óskhyggja manns, sem finnur sig sekan og vill láta alla lúta duttlungum sínum .... fái því áorkað með rætnum persónulegum áróðri, eða samúðarvæli með húnvetnskum hrossakjötsframleiðendum ....

2. Að gagnstefndi verði látinn sæta refsingu fyrir þessi ummæli samkvæmt ákvæðum laga nr. 19/1940, 234., 235. og 237. gr.

3. Að gagnstefnda verði samkvæmt 264. gr. laga nr. 19/1940 gert að greiða gagnstefnanda í miskabætur kr. 10.000.00 með 8% vöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags vegna þessara ummæla, sem gagnstefnandi telur röng, móðgandi og meiðandi fyrir sig.

4. Að gagnstefnda verði samkvæmt ákvæðum 241. gr., 2. mgr., laga nr. 19/1940 dæmt skylt að greiða kostnað af birtingu dóms í máli þessu í dagblöðunum í Reykjavík.

5. Að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða gagnstefnanda málskostnað.

Með framhaldsstefnu, útgefinni 13/3 1963, framlagðri 13. september 1963, gerir aðalstefnandi enn fremur þær viðbótarkröfur, að aðalstefndi verði einnig dæmdur fyrir móðgandi ummæli um aðalstefnanda í grein, sem birtist í Alpýðublaðinu í Reykjavík þann 18. desember 1962, sem eru þannig:

„Sveinn Guðmundsson kjörbúðarstjóri, sem kallast mætti hrossabrestur ....“, „lýsir sú kalda þögn betur en nokkuð annað þeirri römmu fyrirliðningu, sem sýslungar meradólganna hafa á atferli þeirra ....“. „Hér koma þessir hestatökumenn „eins og þjófar á nóttu“.“

Leitað var sátta í málinu, en sú sáttatilraun reyndist árangurslaus.

Meiðyrðamál þetta á rætur sínar að rekja til þess, að nokkrir Skagfirðingar tóku sig til og fóru vestur yfir fjallgarðinn, sem skilur á milli Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu, og höfðu á

brott með sér nokkra stóðhesta, sem þeir töldu ganga þar ólöglega. Svipað hafði skeð þar nokkrum árum áður, og orðið allmikið deiluefni. Þeir, sem þetta gerðu, gátu því búizt við því, að þessi verknaður þeirra yrði umdeildur, enda heimild til þess ekki óumdeilanleg þrátt fyrir dóm Hæstaréttar á réttarskjali nr. 8, sem í sjálfu sér fjallar um annað efni.

Þegar menn taka sér á hendur að vinna verk, sem þeir vita fyrirfram að geta valdið allmiklum deilum, að ekki sé minnst á, þegar slík verk eru ekki óumdeilanlega réttmæt, eins og í þessu tilfelli, þar sem þessir menn taka sér vald, sem ekki er öruggt að þeir hafi til löggæzlu í landinu, þá geta slíkir menn ekki búizt við því, að allir taki slíkri framtakssemi þegjandi og hljóðalaust. Og þótt þá sé eitthvað sagt, sem ekki mundi vera sagt undir venjulegum kringumstæðum, eða skrifað, sem strangt tekið væri ekki rétt að láta á prent út fara, þá verður að líta á slíkt vægari augum, þegar ærið tilefni er gefið til.

Skulu nú hinar tilvitnuðu setningar, sem taldar eru meiðandi, athugaðar, hver fyrir sig.

Aðalstefnandi telur, að setningin, „skyldi maður þó sízt halda, að Sveinn kjörbúðarstjóri væri svo illa haldinn, að hann þyrfti að afla sér aukatekna með því að leggjast svo lágt að fara ráns-hendi um eigur húnvetnskra bænda, en illt er að sjá, að þessi leikur sé gerður til annars“, sé ærumeiðandi. Ekki verður fallizt á þessa skoðun aðalstefnanda. Ekkert er í þessari setningu, sem beint er að æru hans. Eins og áður segir, verða menn að gera sér grein fyrir því, að framferði þeirra og athafnir geta valdið ágreiningi. En það er ekki heppilegt, að athafnamenn láti sér hitna svo í hamsi, ef þeir mæta gagnrýni, að þeir hlaupi líkt og börn undir pilsfald móður sinnar, þ. e. til dómstólanna, og heimti vernd þeirra, ef þeim finnst á sig hallað í ræðu eða riti, hversu lítilvægt sem tilefnið er.

Lögmaður aðalstefnanda lagði mikla áherzlu á í munnlegum málflutningi, að umbjóðandi hans gegndi ábyrgðarmiklu starfi og hin tilvitnaða setning gæti þau áhrif, að hann yrði síður talinn hæfur til að gegna slíku starfi. Á þá röksemd verður ekki fallizt. Ekki er sveigt að starfi hans á nokkurn hátt, heldur notuð óþarflega óhefluð orð um verknað, sem stefnandi vann í vissu um, að mundi verða mjög umdeilt verk. Þar sem hin tilvitnaða setning er ekki talin særa eða skaða heiður eða mannorð aðalstefnanda, þykir ekki ástæða til þess að ómerkja hana.

Þá liggur fyrir að athuga setningar þær í framhaldsstefnu, sem aðalstefnandi telur meiðandi.

Fyrst er þá setningin, „Sveinn Guðmundsson kjörbúðarstjóri, sem kalla mætti hrossabrest“ .... Það má að vísu segja, að hrossabrestur sé skammaryrði, og ef það væri tekið sem slíkt, beri að ómerkja það, en þegar setningin er lesin í heild, er augljóst, að þessu orði er nánast kastað fram til þess að gefa setningunni meira líf. Orðið er þarna óþarft, en ekki er hægt að sjá, að þetta geti skaðað mannorð eða heiður aðalstefnanda, að vísu valdið góðlátlegu brosi, en ætla verður, að enginn mundi virða aðalstefnanda minna fyrir það, þótt hann væri kallaður hrossabrestur í umræddri blaðagrein. Þykir því ekki ástæða til að ómerkja framangreint orð.

Þá kemur setningin .... „lýsir sú kalda þögn, betur en nokkuð annað, þeirri römmu fyrirlitningu, sem sýslungar meradólganna hafa á atferli þeirra“ .... Þessi setning verður vart skilin, nema í samhengi við það, sem á undan er farið og á eftir kemur. En þar segir, að hestur gagnstefnanda hafi verið tekinn öðru sinni og sýnt (sic) uppboð og segir svo: „En nú bregður svo við, að enginn býður í folann, og lýsir o. s. frv.“ Þarna dregur gagnstefnandi þá ályktun af því, er hann telur staðreynd, að enginn bauð í hestinn, að almenningur væri ekki hlynntur framferði aðalstefnanda og félaga hans. Viðurkenna ber, að orðið „fyrirlitning“ er óþarflega sterkt og að áliti dómarans jaðrar það við að vera ærumeiðandi, því að verknaður þeirra hestatökumannanna er ekki fyrirlitlegur, þótt hann sé umdeilanlegur, og þeir félagar, og þá fyrst og fremst aðalstefnandi, eru ekki fyrirlitlegir fyrir verknað sinn, þótt vafalítið séu til menn, sem hafa andúð á þeim fyrir framtaksseminu.

Dómarinn viðurkennir, að hann hefur ekki heyrt orðið meradólgur notað, og samkvæmt orðabók Menningarsjóðs virðist orðið ekki hafa komið fyrir á prenti fyrr. Orðið er notað hér sem smánaryrði. Það hljómar líkt og „melludólgur“, þ. e. maður, sem leigir út vændiskonur eða stuðlar að vændi, orð, sem ekki hefur þótt hæfa að hampa á prenti. Þetta er sett fram til þess að varpa skugga á aðalstefnanda, og þykir því rétt að ómerkja það.

Þegar litið er á málsgreinina í heild, þykir rétt að ómerkja orðin „römmu fyrirlitningu“ og „meradólganna“.

Í hinni síðustu af áður tilvitnuðum setningum í framhalds-

stefnu er um misskilning að ræða, enda sleppti lögmaður aðalstefnda þeirri setningu í munnlegum málflutningi.

Þegar athugaðar eru hinar tilvitnuðu setningar í gagnstefnu, sem gagnstefnandi telur móðgandi og ærumeiðandi, þá verður ekki komizt hjá þeirri hugsun, að um hálfgerðan sparðatning sé að ræða, sem nánast hefur verið tíndur til, svo að hægt væri að gagnstefna.

Ef teknar eru hinar tilvitnuðu setningar, þá hljóðar hin fyrsta þannig: „.... að gerast uppvís að svo freklegu ábyrgðarleysi, sem hér um ræðir, enda ber grein hans það með sér, að þar hafi meira ráðið reiði en speki“.

Taka stóðhests gagnstefnanda aftur, þremur vikum eftir að hann var seldur á uppboði, sýnir, að gagnstefnandi hefur látið hann ganga lausan þrátt fyrir þá áminningu, sem hann hafði fengið við fyrri töku hestsins. Það verður því ekki hægt að segja, að verið sé að ærumeiða gagnstefnanda, þegar því er haldið fram, að hann hafi sýnt ábyrgðarleysi með því að láta hestinn ganga lausan. Að vísu er með orðinu „freklegt“ fulldjúpt tekið í árinni, en hafa verður hugfast, að hér er aðalstefnandi að svara gagnstefnanda fyrir grein, sem aðalstefnandi taldi ærumeiðandi fyrir sig. Verður því ekki hægt að líta á þessi orð sem ærumeiðandi eða móðgandi fyrir gagnstefnanda, þar sem nokkurt tilefni var til.

Síðara atriðið í þessari málsgrein, sem gagnstefnandi telur niðrandi, eru orðin .... „hefur meira ráðið reiði en speki“. Dómarinn lítur svo á, að það sé ekki stórfelld móðgun að telja mann hafa skrifað meir af reiði en viti, og móðgun, sem gerir þeim ekkert til, sem hún á að þeinast gegn, er þeim lítill sómi, sem setur hana á prent. Þegar málsgreinin er athuguð í heild, verður ekki hægt að fallast á það sjónarmið, að ummælin séu þess eðlis, að þörf sé að ómerkja þau.

Málsgreinin „Enda viðurkennir Haraldur brot sitt á búfjárræktarlögunum“ .... er ekki þess eðlis, að unnt sé að telja hana ærumeiðandi eða móðgandi. Verður hún því ekki ómerkt.

Þá er það málsgreinin: „Óskhyggja manns, sem finnur sig sekan og vill láta alla lúta duttlungum sínum“. Þessi málsgrein er öllum meinlaus og aðeins tilfinningasemi að móðgast af henni, nema orðunum: „sem finnur sig sekan“. Að áliti dómarans er það tvennt ólíkt að fullyrða, að maður hafi brotið lög, og að bera það út, að viðkomandi maður finni sig sekan. Þess vegna þykir rétt að ómerkja þessa málsgrein.

Síðast í hinni tilvitnuðu setningu, sem gagnstefnandi telur móðgandi, eru ummælin: „fái því áorkað með rætnum persónulegum áróðri eða samúðarvæli með húnvetnskum hrossakjötsframleiðendum“ .... Það má segja, að orðin „rætnum persónulegum áróðri“ jaðri við það að vera meiðandi fyrir æru gagnstefnanda, en eins og allt er í pottinn búið, þá er ekki ástæða til að ómerkja þau.

Aðalstefnandi gerir kröfur um miskabætur, en ekki ákveðna upphæð. Þegar af þeirri ástæðu verður sú krafa ekki tekin til greina.

Gagnstefnandi gerir kröfu um refsingu og miskabætur. Ekki þykir næg ástæða til að taka þær kröfur til greina, þar sem aðalstefnandi hefur hér nánast galdið líku líkt, sbr. 239. gr. almennra hegningarlaga.

Rétt þykir, að báðir aðiljar beri kostnað af birtingu dómsins í opinberu blaði, að hálfu hvor.

Ekki þykir ástæða til þess að dæma aðiljum málskostnað.

#### Dómsorð:

Orðin „römm fyrirlitning“ og „meradólganna“ skulu talin dauð og ómerk.

Orðin „finnur sig sekan“ skulu talin dauð og ómerk.

Aðiljar greiði birtingarkostnað dómsins að hálfu hvor.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 14 daga frá löglegri birtingu hans.